



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Hafnarfjarðarbær
Gunnþóra Guðmundsdóttir
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

30. september 2019
MÍ201908-0050/ 6.09 / Þ.H.

Efni: Hjallabraut í Hafnarfirði - breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags

Með tölvupósti dagsett 14. ágúst 2019 óskaði Gunnþóra Guðmundsdóttir hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar við Hjallabraut. Skipulagslýsingin hafði áður komið til umsagnar og var svarað með bréfi dagsett 28. janúar 2019 þar sem bent var á að fullnægjandi fornleifaskráning hefði ekki farið fram fyrir reitinn. Fornleifaskráning liggja nú fyrir, Heiðrún Eva Konráðsdóttir: *Hafnarfjörður – Hjallabraut. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi við Hjallabraut í Hafnarfirði*, unnið í ágúst 2019.

Skipulagsbreytingin felur í sér uppbyggingu íbúðarhverfis í Norðurbæ, á jaðri Víðistaðatúns, unnið af Arkíbúllan arkitektum. Engar heimildir eru um fornleifar á skipulagssvæðinu og engar minjar komu í ljós við vettvangsathugun á reitnum. Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir og gildir það bæði um aðalskipulagsbreytinguna og fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi á umræddum reit.

Virðingarfyllst,

Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.